
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2007-08
Fundartími:	Þriðjudagur 6. nóvember 2007 kl. 13:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.
	2) Verkefni ársins 2008.
	3) Gögn um raforkunotkun.
	4) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Ívar Þorsteinsson Gunnar Aðalsteinsson Sigurður Ágústsson Íris Baldursdóttir Ásgeir Sigtryggsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Fjarverandi:	Agnar Árnason Pétur E. Þórðarson

- 1) JV fór yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins og sýndi töflur sem settar verða á heimasíðu orkuspárnefndar í vikunni. Raforkuvinnslan hefur aukist um 19,6% frá sama tíma árið 2006 en flutningstöp hafa aukist um 21,0%. Mikil aukning í flutningstöpum á 3. ársfjórðungi stafar væntanlega af miklum flutningum austur á land þar sem Kárahnjúkavirkjun er ekki komin í rekstur en uppkeyrsla er hafin á álveri Fjarðaáls. Stórnotkun hefur aukist um 28,0% en almenn notkun um 4,0%. Ótryggð orka hefur minnkað um 0,8% á meðan forgangsorkan jókst um 4,7%. JV benti á að ótryggð orka hefur verið skert á Austurlandi vegna mikilla flutninga þangað en ÁS sagði að sú skerðing hafi verið lítil og væri hér í meira mæla um áhrif minni uppsjávarafla að ræða. Nokkur breyting er á hitafari milli ára en 1. ársfjórðungur var mun kaldari en árið á undan á meðan 2. ársfjórðungur var nokkuð hlýrri og þriðji ársfjórðungur var síðan heldur kaldari en árið á undan. Hitastigleiðrétting hefur því nokkur áhrif og verður aukning forgangsorku eftir leiðréttingu 4,4% og munur á milli ársfjórðunga minnkar. JV benti á að notkun við framkvæmdir á Austurlandi væri lítið farin að minnka. Einnig sagði hann að nú væru farin að berast gögn frá Netorku og væru því flest öll orkuver komin inn

fyrir fyrstu níu mánuðina þar meðtaldar flestar dísilstöðvar og smávirðjanir. Þetta hefði hækkað vinnsluna um nálægt 1 GWh/mánuði.

- 2) Rætt var um áætlun fyrir næsta ár og sagði Íris að hún hefði sett þessar tölur inn í áætlun ársins hjá Landsneti en miðað væri við að gengið yrði frá henni í lok mánaðarins. ÍP lagði áherslu á að takmarka eins og hægt er vinnu við fyrirspurnir og ef kostur er að fyrirspyrjandi greiði fyrir þjónustuna. Ákveðið var að ganga frá áætlun hópsins á næsta fundi.
- 3) JV fór yfir stöðu gagnasöfnunar frá Landsneti og Netorku og fór yfir ýmislegt sem kom upp við að taka saman gögn fyrir fyrstu níu mánuðina. ÁS taldi að Landsnet ætti að geta farið fljótlega yfir gagnaskilin og gengið frá þeim eins og talað hefur verið um.
- 4) JV sagðist hafa rætt frekar við Landsbanki Íslands hefði hann áhuga á að koma að athugun á húsnæðisþörf. Þeir eru tilbúnir til að fjármagna slíka athugun að stórum hluta en þó vilja þeir að aðrir þeir sem koma að slíku leggja eitthvað fram. Landsbankinn vill fá að kynna niðurstöðurnar opinberlega þegar þær liggja fyrir. Hugmyndin væri þá að mynda hóp til að stýra þeirri vinnu með fulltrúum frá Landsbanka Íslands, orkuspárnefnd, Fasteignamati ríkisins og Hagstofu Íslands. Fasteignamatið og Hagstofan eru að skoða þetta mál en orkuspárnefnd/Orkustofnun hafa gefið jákvætt svar. JV sýndi einnig töflu þar sem fram koma tölur úr nýjustu hagspám og benti á hve mikill munur væri á milli þeirra.

Fleira ekki gert. Næsti fundur skv. áætlun er 4. desember kl 13:30. Fundi slitið kl 14:50.

Jón Vilhjálmsson

Sýnt var en ekki dreift:

- Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins.
- Tafla um hagspár banka, ráðuneyta og samtaka.